



TOLLSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1034  
komudagur 20.12.2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 20. desember 2010.


**Málefni:** *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum. Þingskjal 203 - 186. mál. Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010 – 2011.*

Tollstjóri hefur mótttekið erindi Umhverfisnefndar Alþingis, sent með tölvupósti 24. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, 186. mál.

Meginefni frumvarpsins felur í sér innleiðingu skilakerfis með framleiðaenda-ábyrgð fyrir einnota drykkjarvöruumbúðir í stað þess fyrirkomulags sem nú er í gildi. Jafnframt er frumvarpinu ætlað að leiða í íslenskan rétt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66EB um rafhlöður og rafgeyma og tilskipun 2006/21EB um meðhöndlun spilliefna sem notuð eru eða falla til við námuvinnslu og eru meðhöndluð í námunni sem úrgangur.

Tollstjóri gerir ekki sérstakar athugasemdir við ofangreint frumvarp.

Virðingarfyllst,

  
Sigurður Skúli Bergsson  
aðstoðartollstjóri